

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2025, mánudaginn 25. ágúst 2025 kl. 13:00 var haldinn 367. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Elliðaárstöð, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Guðveig Eyglóardóttir.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfunda. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 21.08.2025, lagt fram.
2. Fundargerð stjórnarfundar SF366 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
3. Klukkan 13:40 mættu til fundarins Davíð Arnar Einarsson og Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðendur ásamt Bryndísi Maríu Leifsdóttur forstöðumanni reikningshalds og Hrafnhildi Fanngæirdóttur, sérfræðingi í reikningshaldi og kynntu ásamt Snorra Hafsteini Þorkelssyni, framkvæmdastjóri fjármála samandreginn árshlutareikning samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní, dags. 25.08.2025. Umræður. Könnunarskýrsla endurskoðenda, dags. 25.8.2025 lögð fram ásamt erindi endurskoðunarnefndar frá 18. ágúst 2025.

Samningurinn borinn upp, samþykktur samhljóða og undirritaður rafrænt.

4. Klukkan 15:00 mætti Elín Björk Böðvarsdóttir, leiðtogi stefnu og árangurs og lagði fram og kynnti ásamt forstjóra framkvæmd stefnu og skammtíamarkmið og lykilárangursmælikvarða (OKR). Umræður. Stjórn lýsti ánægju með markmiðin og mælikvarðana.

HLÉ

5. Rekstraráhættuskýrsla og skýringar á breytingum lögð fram.
6. Mælaborð fyrir heildstæða skýrslugjöf um áhættustjórnun lagt fram til kynningar.
7. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 20. ágúst 2025 lagt fram. Einnig lögð fram minnisblöð um auðlindamælikvarða hitaveitu og fráveitu vor 2025.
8. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 21.08.2025.

Fundargerð stjórnarfundar Veitna 168 dags. 10.06.2025

Fundargerð stjórnarfundar Veitna 169 dags. 10.07.2025

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 242 dags. 27.06.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 22.08.2025.

Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 20.08.2025.

Fundargerð stjórnarfundar ON 77 dags. 25.06.2025

9. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 25.08.2025, auk fylgiskjala. Umræður.

10. Önnur mál.

- Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn samþykkir sölu og afsal á hlut Orkuveitunnar í Malbikunarstöðinni Höfða til Reykjavíkurborgar fyrir 5 milljónir króna. Forstjóri skal jafnframt hafa heimild til að undirrita öll skjöl sem sölunni fylgja.

Samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:30.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 29. september 2025.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir,

Helena Guðrún Guðmundsdóttir.